

Númer: 37/2018

Dreifibréf til rekstrarfélaga

Reykjavík, 13. júlí 2018

Tilvísun: 2018070017

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA og breytt framkvæmd

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (*e. guidelines*) sem varða ákveðin efni varðandi starfsemi verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, og tengjast UCITS regluverkinu. Tilgangur viðmiðunarreglna ESMA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og til að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipunar 2009/65/EB og afleiddra reglugerða sem af henni leiðir og innleiddar hafa verið með lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ásamt ýmsum stjórnarsýslufyrirmælum með stoð í þeim.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 um að koma á fót Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur ESMA vegna UCITS regluverksins, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur ESMA í eftirlitsframkvæmd, auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.

Jafnframt munu leiðbeinandi tilmæli vegna UCITS regluverksins sem byggðu á viðmiðunarreglum ESMA falla nú úr gildi. Þessi leiðbeinandi tilmæli eru nánar tiltekið:

- *Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2015 um starfsemi vísitölusjóða og kauphallarsjóða*

Athygli er vakin á því að leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2015 um lykilupplýsingar verðbréfasjóða- og fjárfestingasjóða verða ekki felld úr gildi að sinni, en tilmælin snúa að upplýsingagjöf til almennra fjárfesta og veita gott yfirlit yfir viðmiðunarreglur ESMA um lykilupplýsingar.

Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að kynna sér viðmiðunarreglur ESMA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þær viðmiðunarreglur ESMA sem Fjármálaeftirlitið mun styðjast við eru eftirfarandi:

1. Lykilupplýsingar

- *Guidelines on the selection and presentation of performance scenarios in the Key Investor Information document (CESR/10-1318)*
- *Guide to clear language and layout for the Key Investor Information document (CESR/10-1320)*
- *Template for the Key Investor Information document (CESR/10-1321)*
- *Guidelines on Transition from the Simplified Prospectus to the Key Investor Information document (CESR/10-1319)*
- *Guidelines on the methodology for calculation of the ongoing charges figure in the Key Investor Information Document (CESR/10-674)*
- *Guidelines on the methodology for the calculation of the synthetic risk and reward indicator in the Key Investor Information Document (CESR/10-673)*

2. Áhættustýring

- *Guidelines on risk measurement and the calculation of global exposure for certain types of structured UCITS (ESMA/2012/197)*
- *Guidelines on risk measurement and the calculation of global exposure for UCITS (CESR/10-788)*
- *Risk management principles for UCITS (CESR/09/178)*

3. Annað

- *Guidelines on ETFs and other UCITS issues (ESMA/2014/937)*
- *Guidelines on a common definition of European money market funds (CESR/10-049)*
- *Guidelines concerning eligible assets for investment by UCITS - The classification of hedge fund indices as financial indices (CESR/07-434)*
- *Guidelines concerning eligible assets for investment by UCITS (CESR/07-044b)*

Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á viðmiðunarreglum um áhættustýringu fyrir verðbréfasjóði (CESR/09/178) og viðmiðunarreglum um útreikning á heildaráhættu og mótaðilaáhættu fyrir verðbréfasjóði (CESR/10-788), en þessar viðmiðunarreglur hafa ekki verið gefnar út áður sem leiðbeinandi tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið brýnir fyrir rekstrarfélögum að kynna sér vel efni þessara viðmiðunarreglna.

Virðingarfyllt,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Páll Friðriksson


Finnur Loftsson